

EFTIRLITSSKÝRSLA

Malbikunarstöð Akureyrar Akureyri



Dags eftirlits	3.8.2023	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Malbikunarstöð Akureyrar	Eftirlitsmaður	Gottskálk Friðgeirsson
Heimili	v/ Súluveg (Miðhúsavegi)	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	4101696229	Flokkur	Malbik
Fulltrúi fyrirtækis	Guðríður Friðriksdóttir	ÍSAT nr.	26.82.9
Fulltrúi fyrirtækis	Arnór Þorri Þorsteinsson	Staðsetning	539861,247 575194,992

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt eldra frávík frá kröfum starfsleyfis er opið. Snýr að losun kolmónoxíðs sem er yfir losunarmörkum. Rekstraraðili vinnur eftir samþykktri úrbótaáætlun sem kveður á að úrbótum skuli lokið fyrir 1. september nk.

Fimm ábendingar voru gerðar:

- Fjarlægja þarf tæki og tól sem geymd eru á gilbrúninni, inni á skilgreindu náttúruverndarsvæði Glerár, sbr. Aðalskipulag Akureyrar.
- Rekstraraðila er bent á að senda afrit af þykktarmælingum og þrýstiprófunum til stofnunarinnar svo hægt sé að samþykka áframhaldandi notkun búnaðarins.
- Bent er á að loki á lekavarnarþró um olúgeyma skal alltaf vera lokaður nema verið sé að tæma rigningarvatn úr þrónni.
- Árekstrarvarnir skulu vera um olúgeyma (bamba) ef þeir eru staðsettir í akstursleið ökutækja.
- Farið er fram á að stofnunin fái send afrit af uppfærðum áætlunum sem eiga að liggja fyrir í stöðinni.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt í samræmi við reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Viðstaddir eftirlitið voru Arnór Þorri Þorsteinsson verkefnastjóri og Viðar Geir Sigþórsson bæjarverkstjóri frá Akureyrarbæ og Gottskálk Friðgeirsson frá Umhverfisstofnun.

Farið var í reglubundið eftirlit með Malbikunarstöð Akureyrar sem staðsett er við Súluveg ofan Akureyrar. Starfsleyfið er frá janúar 2017 og gildir til 2033. Samþykkt deiliskipulag er í gildi fyrir lóðina.

Stöðin er rekin af Akureyrarbæ sem er með umhverfis- og samgöngustefnu (frá 2020) á heimasíðu sinni.

Dagskrá:

- Rekstraraðili fer yfir stöðu rekstursins og sértaklega hreinsikerfa í frárennsli og útblæstri
- Deiliskipulag og kröfur um tilfærslu stöðvarinnar, plöntun trjá (ásýnd), hljóðmanir o.fl.
- Olúmannvirki og bikgeymar (asfaltgeymar). Skráning olúgeyma skv. reglugerð nr. 884/2017
- Farið yfir kröfur sem gerðar eru til starfseminnar
- Kynning sem Umhverfisstofnun vill koma á framfæri við rekstraraðila
- Tíðni eftirlits og kerfisbundið mat á áhættu - áhættumat 2023
- Önnur mál, atvik, breytingar, óhöpp og kvartanir
- Skoðun

1. Á síðasta ári var opið frávík vegna olúmagns í frárennsli stöðvarinnar. Nýjar mælingar hafa borist sem sýna að úrbætur hafa skilað sér í ásættanlegum gildum og því er hægt að loka því frávíki.

Annað opið frávík frá síðasta ári snýr að því að útblásturshraði náði ekki tilskildum hraða upp á 20 m/s. Breytingar í skorsteini hafa leitt til þess að nú er útblásturshraði vel yfir 20 m/s. Hægt er að loka því frávíki. Þriðja frávíkið frá síðasta ári er frávík vegna losunar á ryki yfir mörkum. Því má loka þar sem rekstraraðili fór í breytingar á pokahúsi, skipt var um burðargrind og skipt um alla poka. Nýjar mælingar sýna losun á ryki upp á 42 mg/Nm³ sem er undir losunarmörkum. Stöðin hefur ekki verið að endurnota fræst malbik í framleiðslu sína enda er stöðin ekki gerð fyrir kalda innmötun á hráefnum.

Frávík frá síðasta ári vegna seinna skila á Grænu bókhaldi ársins 2021 hefur líka verið lokað.

Eina opna frávíkið frá fyrri árum er frávík sem snýr að losun kolmónoxíðs sem er yfir losunarmörkum. Rekstraraðili vinnur eftir samþykktri úrbótaáætlun sem kveður á að úrbótum skuli lokið fyrir 1. september nk.

2. Í deiliskipulagi (2009) fyrir malbikunarstöðina er gert ráð fyrir tilfærslu á búnaði á lóð stöðvarinnar og lóðin dregin dregið 45 m frá gilbrún Glerárgils til þess að gott aðgengi gangandi sé að Glerárdal og Súlum. Akureyrarbær, eigandi stöðvarinnar, hefur hafið framkvæmdir við gerð manar og göngustígs upp með malbikunarstöðinni og fyrirhugað er að planta trjám í trjabelti austan og norðan við stöðina. Enn er þó margt ógert til þess að uppfylla kröfur í deiliskipulagi. Fjarlægja þarf tæki og tól sem geymd eru á gilbrúninni, inni á skilgreindu náttúruverndarsvæði Glerár, sbr. Aðalskipulag Akureyrar.

3. Rekstraraðili hefur skráð olú- og bikgeyma ásamt olúfylltum neðanjarðarlögnum félagsins. Mikilvægt er að

uppfylla ákvæði reglugerðar nr. 884/2017 um þykktarmælingar á olúgeymum og þrýstiprófanir olúfylltum neðanjarðarlögnum. Rekstraraðila er bent á að senda afrit af mæligögnum til stofnunarinnar svo hægt sé að samþykka áframhaldandi notkun búnaðarins.

4. Í starfsleyfi er gerð krafa um að þrjár *skriflegar áætlanir*. Áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar, viðbragðsáætlun vegna hættu á mengun hafs og stranda og áætlun um rekstur hreinsibúnaðar í útblæstri. Rekstraraðili er að uppfæra áætlum um frágang vegna rekstrarstöðvunar. Farið er fram á að stofnunin fái send afrit af uppfærðum áætlunum.

Vegna losunarmarka skal gera árlegar *mælingar* í samræmi við grein 3.8 í starfsleyfi. Eins skal mæla þykkt olúgeyma á 10 ára fresti og þrýstiprófa niðurgrafnar langir á 5 ára fresti.

Tvenn *gagnaskil* eru áskilin í starfsleyfi. Skila skal niðurstöðum eftirlitsmælinga fyrir lok þess árs sem mælingarnar eru framkvæmdar, og grænu bókhaldi hvers árs skal skila til Umhverfisstofnunar fyrir 1. maí næsta ár á eftir.

5. Kynntur var gagnagrunnur sem Umhverfisstofnun safnar upplýsingum í, um svæði þar sem er mengaður jarðvegur eða grunur er um mengun.

Ný gjaldskrá Umhverfisstofnunar tók gildi 1. mars sl. og fylgdu upplýsingar um hana þegar eftirlitið var boðað.

Umhverfisstofnun hefur breytt verklagi sínu varðandi boðun eftirlita og mun héðan í frá boða reglubundnar vettvangsheimsóknir með skemmri fyrirvara en venja hefur verið. Tímasetning vettvangsheimsókna getur einnig verið utan hefðbundins skrifstofutíma, á kvöldin og um helgar.

6. Farið var yfir áhættumat um tíðni eftirlits. Uppfært áhættumat fyrir stöðina verður notað við gerð eftirlitsáætlunar næsta árs.

7. Gengið var um stöðina. Skoðuð var aðstaða við geymslu uppsóps af götum Akureyrarbæjar og afrennsli af því í nálæga olíuskilju.

Olúgeymar á athafnasvæði malbikunarstöðvarinnar voru skoðaðir. Bent er á að loki á lekavarnarþró um olúgeyma skal alltaf vera lokaður nema verið sé að tæma rigningarvatn úr þrónni. Bikgeymir á hafnarbakka var skoðaður.

Skoðaðar voru framkvæmdir á lóðarmörkum og vinna við færslu stöðvarinnar af barmi Glerárgils. Skoðaðar voru hellur og gúmmihellur sem bærinn geymir á lóð stöðvarinnar og efnishauga sem fyrirhugaðir eru í hjólastíga ofan bæjarins.

Margt af þessu tengist ekki rekstri malbikunarstöðvarinnar en veldur álagi og gerir starfsmönnum erfitt fyrir með að uppfylla kröfur starfsleyfisins. Farið er fram á að aðskilja betur rekstur malbikunarstöðvarinnar frá annarri starfsemi Akureyrarbæjar og að ljúka framkvæmdum við að uppfylla ákvæði deiliskipulags lóðarinnar.

Engar kvartanir hafa borist vegna stöðvarinnar og engin mengunaróhöpp orðið.

ÁBENDINGAR

1. Fjarlægja þarf tæki og tól sem geymd eru á gilbrúninni og eru inni á skilgreindu náttúruverndarsvæði Glerár, sbr. Aðalskipulag Akureyrar.

2. Rekstraraðila er bent á að senda afrit af þykktarmælingum og þrýstiprófunum til stofnunarinnar svo hægt sé að samþykka áframhaldandi notkun búnaðarins.

3. Bent er á að loki á lekavarnarþró um olúgeyma skal alltaf vera lokaður nema verið sé að tæma rigningarvatn úr þrónni.

4. Árekstrarvarnir skulu vera um olúgeyma (bamba) ef þeir eru staðsettir í akstursleið ökutækja.

5. Farið er fram á að stofnunin fái send afrit af uppfærðum áætlunum sem eiga að liggja fyrir í stöðinni.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 29.08.2023



Gottskálk Friðgeirsson